

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á umfangi
og nýtingarmöguleikum sjávarorku.

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Samsvarandi tillaga var fyrst flutt á Alþingi á 139. löggjafarþingi. Málið var að nýju lagt fram á 140. löggjafarþingi og bárust atvinnuveganefnd þá umsagnir frá Bygðastofnun, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, RARIK Orkuþróun ehf., Samorku og Valorku ehf. Málið var aftur flutt á 141. löggjafarþingi. Þá bárust umsagnir frá Bygðastofnun, RARIK Orkuþróun ehf., Samorku og Valorku ehf. Málið er því nú lagt fram í fjórða sinn.

Þáverandi atvinnuveganefnd afgreiddi tillöguna til síðari umræðu með breytingartillögu 14. mars 2013. Í álitni nefndarinnar kom fram að mikil sjávarorka væri að öllum líkindum óbeisluð við strendur landsins og að mögulega væri þar orkukostur sem væri hagkvæmt að virkja. Vísað var til þess að um stöðuga og fyrrisjáanlega orku væri að ræða. Einnig var bent á í álitinu að tækni til nýtingar sjávarorku væri í sífelltri þróun og yrði hagkvæmari með tímanum.

Þáverandi atvinnuveganefnd lagði til eina efnislega breytingu á tillögugreininni sem laut að því að halda aðskildum annars vegar þeim atriðum sem sjálf tillagan snýr að, þ.e. að meta umfang og nýtingarmöguleika sjávarorku, og hins vegar hvaða stefnu beri að móta hvað tækniþróun hér á landi varðar. Með öðrum orðum lagði nefndin til að í tillögugreininni væri ekki kveðið á um að mótuð yrði stefna um framgang tækniþróunar á þessu sviði. Bent var á í álitni nefndarinnar að nærtækt væri fyrir Íslendinga að vera í samstarfi við erlenda aðila hvað varðar hönnun og tækniþróun á þessu sviði.

Nefndin tekur undir álit þáverandi atvinnuveganefndar og leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Orðin „og mótuð stefna um framgang tækniþróunar á þessu sviði“ í 2. másl. falli brott.
2. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2014“ í lokamálslið komi: 1. maí 2015.

Haraldur Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2014.

Jón Gunnarsson,
form., frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Ásmundur Friðriksson.

Björt Ólafsdóttir.

Kristján L. Möller.

Páll Jóhann Pálsson.

Þorsteinn Sæmundsson.

Þórunn Egilsdóttir.